

L Ö G

36
17. júní

um breyting á 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 bætist ný (3.) málsg. svólátandi:

Þegar sérstaklega stendur á, má veita uppreist æru, þó að refsitími sé svo langur sem í 2. málsg. segir, enda þótt ekki sé liðinn lengri tími en til er skilinn í 1. málsg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Þingvöllum, 17. júní 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

37
17. júní

um laun forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Forseti Íslands hefur að launum 50000.00 kr. á ári og að auki verðlagsuppbót samkvæmt lögum.

Launin ásamt verðlagsuppbót greiðast á venjulegan hátt mánaðarlega fyrir fram.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega.

4. gr.

Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskrárinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mánaðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru að viðbætri verðlagsuppbót. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

37
17. júní

5. gr.
Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Gjört á Þingvöllum, 17. júní 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Ólafsson.

38
20. júní

FORSETA BRÉF
um þingfrestun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum alþingis, 63. löggjafarþings, frá 20. þ. m. þar til síðar á árinu, þó eigi lengur en til 15. september næstkomandi.

Ritað í Reykjavík, 20. júní 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Þórðarson.

39
8. júlí

FORSETA ÚRSKURÐUR
um merki forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, úrskurðað þannig:
Merki forseta Íslands er skjöldur, að lögun og lit sem skjöldurinn í skjaldarmerki Íslands, en þar sem armar krossmarksins mætast er hvítur, ferhyrndur reitur og í honum skjaldarmerki Íslands og skjaldberar.

Gjört á Þingvöllum, 8. dag júlímánaðar 1944.

Sveinn Björnsson
(L. S.)

Björn Þórðarson.